

# ERINDISBRÉF

## Starfshópur um tillögur að nýju skipulagi lýðræðisverkefna

### Ábyrgðarmaður:

Dóra Björt Guðjónsdóttir, formaður mannréttinda- og lýðræðisráðs.

### Hlutverk starfshóps:

Starfshópurinn hefur það hlutverk að koma með tillögur að leiðum að nýju skipulagi lýðræðisverkefna Reykjavíkur með það að markmiði að samræma og einfalda aðgengi íbúans að þátttöku í ákvarðanatöku á vegum Reykjavíkurborgar. Horft verði sérstaklega til þjónustustefnu, mannréttindastefnu, upplýsingastefnu, draga að lýðræðisstefnu sem og annarrar gildandi stefnumörkunar eftir því sem við á. Þau verkefni sem falla þarna undir eru;

- Betri Reykjavík,
- Mín rödd í ráðum Reykjavíkurborgar,
- Hverfið mitt,
- Ábendingagátt,
- Hverfissjóðir,
- Torg í biðstöðu
- Sköpunartorg.
- Önnur verkefni er snúa að þáttökulýðræði.

### Helstu verkefni:

- Að gera tillögur um framtíðarsýn lýðræðisverkefna.
- Að gera tillögur að samræmingu framsetningar lýðræðisverkefnanna.
- Skýra hlutverk og markmið verkefna.
- Skýra eignarhald verkefna.

### Starfshópurinn skipa:

Fulltrúi mannréttindaskrifstofu

Tveir fulltrúar skrifstofu þjónustu og reksturs

Fulltrúi umhverfis- og skipulagssviðs

### Starfsmenn:

Starfsmaður mannréttindaskrifstofu.

### Til ráðgjafar og samstarfs:

Við vinnuna leiti starfshópurinn ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu.

### Starfstímabil:

Niðurstöður starfshópsins verði lagðar fyrir mannréttinda- og lýðræðisráð fyrir 15. maí 2019.

Reykjavík, 24.janúar 2019

Dóra Björt Guðjónsdóttir